

Fæðingarorlof

Leiðbeiningar ef starfsmaður fyllir út stafræna umsókn hjá fæðingarorlofssjóði.

Starfsmaður

Átta vikum áður en starfsmaður ætlar í fæðingarorlof þarf hann að tilkynna vinnuveitanda eða yfirmanni sínum um fyrirhugaða tilhögun þess.

Starfsmaðurinn fyllir út stafræna umsókn um fæðingarorlof sem er að finna á heimasíðu fæðingarorlofssjóðs. (<https://vinnumalastofnun.is/faedingarorlofssjodur>)

Ferlið sækir sjálfkrafa gögn sem þurfa að fylgja umsókninni og sendir sjálfkrafa áfram til maka og atvinnurekanda til samþykktar.

Starfsmaður tilkynnir stjórnanda um fæðingu barns.

Nýting persónuafsláttar.

Alla jafna hættir launadeildin nýtingu persónuafsláttar starfsmanna í fæðingarorlofi. Undantekningar eru þó þegar starfsmenn fara í styttri tíma í orlof.

Þegar starfsmaður kemur til baka úr fæðingarorlofi tilkynnir hann vinnuveitanda hvernær má byrja að nýta persónuafsláttinn aftur með því að fylla út umsókn í þjónustugátt Akureyrarbæjar *nýting persónuafsláttar*.

Stjórnandi

Ef starfsmaður hefur fyllt út tilhögun fæðingarorlofs rafrænt hjá Vinnumálastofnun fær stjórnandi tilkynningu frá fæðingarorlofssjóði.

Stjórnandi þarf að samþykkja tilhögunina með rafrænni undirskrift.

Stjórnandi ber ábyrgð á að tilkynna um fæðingu barns til launadeildar og er tilkynningin send í tölvupósti til launafulltrúa. Mikilvægt er að þær upplýsingar berist sem fyrst til að koma í veg fyrir ofgreiðslu launa.

Stjórnandi fær tilkynningu frá fæðingarorlofssjóði eftir að barn er fætt þar sem tilgreint er hvenær fæðingarorlofið hefst og hvernig tilhögunin er. Það þarf að senda til launadeildar.

Þegar starfsmaður snýr aftur úr fæðingarorlofi þarf stjórnandi ekki að útbúa breytingarblað ef starfsmaður er að koma til baka í samræmi við tilhögun fæðingarorlofs. Ef starfsmaður er að koma fyrr eða seinna úr orlofi þarf að koma breytingarblað. Stjórnandi upplýsir starfsmann um að skila inn tilkynningu um nýtingu persónuafsláttar í þjónustugátt Akureyrarbæjar.

Greiðslur til starfsmanns / Fæðingarorlofssjóður

Fái starfsmaður greidd laun og greiðslur úr fæðingarorlofssjóði á sama tíma óskar fæðingarorlofssjóður eftir skriflegum skýringum.

Fyrirframgreiddir launþegar sem fara í fæðingarorlof fá að halda launum vegna fæðingarmánaðar barns og eru þau laun dregin af starfsmanni í fyrstu launagreiðslu við endurkomu.

Ekki má greiða launþega sem er eftirágreiddur laun frá fæðingardegi barns skv. reglum Fæðingarorlofssjóðs.

Tilkynning berst ekki til launadeildar

Fái launadeild ekki upplýsingar um fæðingaorlof (afrit af tilkynningu) eða tilkynningu um fæðingardag barns og greiðir þ.a.l. starfsmanni laun þarf starfsmaðurinn að endurgreiða ofgreiddu launin.

Stjórnandi hefur samráð við launafulltrúa og fær upplýsingar um upphæð sem starfsmaður þarf að endurgreiða.

Stjórnandi hefur samband við starfsmann og gerir honum grein fyrir stöðu mála, gefur upplýsingar um upphæð endurgreiðslu og bankareikning sem endurgreidd laun eru lögð inn á. Stjórnandi ber ábyrgð á að fylgja því eftir að ofgreidd laun séu endurgreidd til Akureyrarbæjar.